

67. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

67. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn þriðjudaginn 17. desember 2013 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 09:00

Mættir: Gunnar Egilsson, formaður, D-lista, Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista, Tómas Ellert Tómasson, nefndarmaður, D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, nefndarmaður, S-lista, Andrés Rúnar Ingason, nefndarmaður, V-lista, Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1305237 – Fráveita Árborgar, skilgreining viðtaka og vöktunarplan
	Fulltrúar frá Mannviti komu á fundinn og kynntu drög að skýrslu vegna skilgreiningar á Ölfusá sem viðtaka. Ákveðið að kynna skýrsluna fyrir fulltrúum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á næsta fundi í janúar.
2.	1312062 – Samþykkt um fráveitu í Sveitarfélaginu Árborg
	Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
3.	1312081 – Stígar 2014
	Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.
4.	1312022 – Heitavatnsnotkun í kuldakastinu dagana 5.-6. desember 2013

	<p>Sigurður Þór Haraldsson, verkefnastjóri, fór yfir orkuöflun og dreifingu á heitu vatni í kuldakastinu í byrjun desember. Í ljósi upplýsinga um afhendingaröryggi til framtíðar er framkvæmdastjóra falið að vinna að áframhaldandi styrkingu dreifikerfisins. Ákveðið að leggja viðbótarstofnlögn frá Engjavegi að Erlurima um Suðurhóla. Framkvæmdin rúmast innan fjárheimilda Selfossveitna.</p>
5.	1312082 – Vatnsveita Árborgar – kaup á smágröfu
	Framkvæmdastjóra falið að afla tilboða í smágröfu fyrir sviðið.
6.	1312083 – Endurskoðun á reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999
	Frestað til næsta fundar.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 11.50

Gunnar Egilsson		Ingvi Rafn Sigurðsson
Tómas Ellert Tómasson		Eggert Valur Guðmundsson
Andrés Rúnar Ingason		Jón Tryggvi Guðmundsson